

Nr. 095 / 11 Anna SH 13***Fær net í skrúfunu***

Skipaskr.nr. 1852
IMO nr. 0
Smíðaður: Englandi 1987, plast
Stærð: 10 brl. 16 bt.
Mesta lengd: 11,3 m Skráð lengd: 11,24 m
Breidd: 4,1 m Dýpt: 1,15 m
Vél: Mitsubitshi 213 kW 1987
Fjöldi skipverja: 3



Anna©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. nóvember 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 11. júlí 2011 var Anna SH 13 á siglingu á Sviðnasundi á Breiðafirði. Veður: Logn og þokuslæðingur.

Bátsverjar voru á grásleppuveiðum og voru að sigla á milli veiðisvæða þegar þeir fengu flottein á netatrossu í skrúfunu. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og á meðan beðið var hennar var lagst fyrir akkeri. Straumur SH 90 tók Önnu SH í tog áleiðis til hafnar en skömmu síðar koma björgunarsveitarbátur frá Stykkishólmi með kafara sem náði að skera úr skrúfunni. Engar skemmdir urðu.

Við rannsókn kom fram:

- að netatrossan var frá bátnum sjálfum og hafði verið lögð á grunnsævi. Skipstjóri taldi að hún hefði legið dýpra en raun bar vitni.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.